

D Ó M U R

Héraðsdóms Vestfjarða 10. desember 2008 í máli nr. S-64/2008:

Ákærvaldið

(*Björn Þorvaldsson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

Magnúsi Haukssyni

(*Sigurður Sigurjónsson hrl.*)

Mál þetta, sem dómtekið var 4. nóvember sl., höfðaði ríkislögreglustjórinn 15. júlí 2008 með ákæru á hendur Magnúsi Haukssyni, kt. ..., til heimilis að Pólgötu 10, Ísafirði. Málið var þingfest 3. september sl.

I.

Eftir höfðun máls þessa afhenti ákærði ríkislögreglustjóranum bókhaldsgögn er vörðuðu sakarefni þess. Að teknu tilliti til þeirra gagna eru endanlegar sakargiftir á hendur ákærða, sbr. bókun sækjanda í þinghaldi 4. nóvember sl. og framlagt afrit ákæru með innfærðum tölulegum breytingum til lækkunar, eftirfarandi;

meiri háttar brot gegn skattalögum og lögum um bókhald, í eigin atvinnurekstri, með því að hafa:

1. Skilað efnislega röngum virðisaukaskattsskýrslum vegna allra uppgjörstímabila árið 2002, að tímabilinu september-október undanskildu, og hafa ekki staðið ríkissjóði skil á innheimtum virðisaukaskatti vegna allra tímabila þess árs, í samræmi við fyrirmæli í IX. kafla laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, samtals að fjárhæð kr. 4.454.059,- sem sundurliðast sem hér greinir:

<i>Uppgjörstímabil:</i>	<i>Framtalin skattsk.</i>	<i>Vantalin skattsk.</i>	<i>Vangoldinn VSK</i>
	<i>velta</i>	<i>velta</i>	<i>á eindaga</i>
Jan. – feb.	kr. 1.785.658	kr. 928.198	kr. 369.713
Mars – apríl	kr. 2.057.226	kr. 4.806.977	kr. 1.517.578

Maí – júní	kr. 2.420.821	kr. 1.973.904	kr. 735.492
Júlí – ágúst	kr. 2.599.834	kr. 2.832.834	kr. 913.278
Sept. – okt.	kr. 3.552.862	kr. 0	kr. 434.567
Nóv. – des.	<u>kr. 3.624.994</u>	<u>kr. 34.940</u>	<u>kr. 483.430</u>
	kr. 16.041.395	kr. 10.576.852	kr. 4.454.059

2. Ekki staðið skil á skattframtali gjaldárið 2003 vegna tekjuársins 2002 og þannig ekki talið fram til skatts fjármuni sem skattskyldir eru samkvæmt 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. áður lög nr. 75/1984, sbr. einnig 19. og 21. gr. laga nr. 41/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, og með þessu komið sér undan greiðslu tekjuskatts og útsvars samtals að fjárhæð kr. 3.058.035,- sem sundurliðast sem hér greinir:

<i>Rekstrartekjur:</i>	kr. 26.618.247
<i>Möguleg rekstrargjöld skv. gögnum:</i>	<u>kr. 8.438.394</u>
<i>Tekjuskatts- og útsvarsstofn:</i>	kr. 18.179.853
<i>Áætlun skattstjóra ásamt álagi:</i>	<u>kr. -11.500.000</u>
<i>Vantalinn tekjuskatts- og útsvarsstofn:</i>	kr. 6.679.853
Vangreiddur tekjuskattur, tekjuskattsprósenta 25,75%	kr. 1.720.062
Vangreitt útsvar, útsvarsprósenta 13,03%	kr. 870.384
Sérstakur tekjuskattur á stofna yfir 3.980.000, gjaldstig 7%	<u>kr. 467.589</u>
Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals:	kr. 3.058.035

3. Látið undir höfuð leggjast að færa lögboðið bókhald ... vegna rekstrar síns árið 2002.

Framangreind brot ákærða samkvæmt 1. og 2. tölulið ákæru teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig:

- a) 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1995 og 3. gr. laga nr. 134/2005, að því er varðar 1. tölulið ákæru.
- b) 2. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. áður 2. og 6. mgr. 107. gr. eldri laga nr. 75/1981 um tekjuskatt- og eignaskatt og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, að því er varðar 2. tölulið ákæru.

Framangreint brot ákærða samkvæmt 3. tölulið ákæru telst varða við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig 1. og 2. töluliður 1. mgr. 37. gr., sbr. 36. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald sbr. 1. gr. laga nr. 37/1995.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Af hálfu ákærða eru þær kröfur gerðar í málinu að honum verði gerð svo væg refsing sem lög frekast leyfa og hún höfð skilorðsbundin. Þá verði verjanda ákærða ákvörðuð hæfileg þóknun.

II.

Hinn 24. október 2005 sendi skattrannsóknarstjóri ríkisins ákærða bréf þess efnis að hafin væri rannsókn á bókhaldi og skattskilum hans vegna sjálfstæðrar starfsemi hans rekstrarárið 2002.

Við rannsókn skattrannsóknarstjóra kom í ljós að skattframtali og ársreikningi vegna rekstrarársins 2002 hefði ekki verið skilað, bókhald, bókhaldsgögn og tekjuskráning hefðu ekki fengist afhent og að talsverðan fjölda sölureikninga vantaði inn í númeraröð sölureikninga. Ennfremur leiddi rannsóknin í ljós að skattskyld velta, útskattur og rekstrartekjur ákærða hefðu verið vanframtalin en innskattur aftur á móti verið offramtalinn.

Með bréfi 13. júní 2006 tilkynnti skattrannsóknarstjóri ákærða um fyrirhugaða ákvörðunartöku um refsimeðferð í máli hans og var ákærða gefinn kostur á að tjá sig áður en til hennar kæmi. Samkvæmt gögnum skattrannsóknarstjóra mun embættinu ekki hafa borist svar frá ákærða við þessu erindi. Skattrannsóknarstjóri vísaði síðan máli ákærða til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjórans með bréfi 17. apríl 2007. Í bréfinu vakti skattrannsóknarstjóri sérstaka athygli á því að 25. september 2003 hefði embættið vísað til ríkislögreglustjórans máli ákærða vegna rannsóknar á bókhaldi og skattskilum hans vegna rekstrarársins 2001.

Að lokinni frekari rannsókn höfðaði ríkislögreglustjórinn mál þetta gegn ákærða með útgáfu ákæru 15. júlí 2008 samkvæmt áðursögðu.

III.

Ákærði kom fyrir dóm 5. nóvember sl. og viðurkenndi brot sín eins og þeim er lýst í kafla I hér að framan. Samrýmist játning ákærða gögnum málsins.

Telja verður vafalaust að fjárhæðir þær er mál þetta varðar séu verulegar í skilningi 3. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ennfremur er fullnægt í málinu þeim huglægu refsiskilyrðum sem fram koma í 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, 2. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, sbr. 2. og 6. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981, 36. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald og 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til alls framangreinds þykir sannað að ákærði hafi framið brot þau sem honum eru gefin að sök í málinu og lýst er í I. kafla dómsins. Eru brot ákærða réttilega heimfærð til refsiakvæða ákæru. Samkvæmt öllu þessu þykja vera efni til að leggja dóm á málið á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

IV.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins var ákærði 30. september 1998 dæmdur til greiðslu sektar fyrir skatta- og hegningarlaga brot. Á árunum 2000 til 2004 var honum í þriggja gerð refsing vegna umferðarlagabrota. Þá var ákærði 30. nóvember 2005 dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu 11,5 milljóna króna sektar fyrir skatta- og hegningarlaga brot.

Rannsókn máls þessa hófst fyrir uppkvaðningu dómsins frá 30. nóvember 2005 svo sem rakið er í kafla II. Þá er skilorðstími þess dóms liðinn. Verður ákærða nú dæmdur hegningarauki er samsvari þeirri þynging hegningarinnar, sem kynni að hafa orðið, ef dæmt hefði verið um öll brotin í fyrra málinu, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt öllu framansögðu og að virtum þeim fjárhæðum er brot ákærða vörðuð, sbr. og 77. gr. almennra hegningarlaga, þykir refsing hans hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi. Þá þykir rétt með vísan til fyrirmæla 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 og 2. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt að gera ákærða einnig sektarrefsingu vegna þeirra brota sem hann hefur nú verið sakfelldur fyrir. Við ákvörðun sektar samkvæmt fyrirmælum tilvitnaðra lagaákvæða verður sérstaklega að líta til þeirra virðisaukaskattstímabila ársins 2002 sem teljast hafa verið greidd að fullu eða verulegu leyti, sbr. til dæmis dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 428/2005 og 469/2005. Að öðru leyti verður hins vegar ekki, við ákvörðun sektar ákærða, vikið frá fyrirmælum 1. mgr. 40. gr. laga 50/1988 og 2. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um að fésektin megi ekki nema lægri fjárhæð en tvöfaldri skattfjárhæðinni. Samkvæmt öllu þessu telst fésekt ákærða hæfilega ákveðin 11.000.000 krónur og komi sex mánaða fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Eftir atvikum og þar sem brot ákærða voru framin löngu fyrir uppkvaðningu skilorðsdómsins frá 30. nóvember 2005 þykir með heimild í 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 rétt að fresta fullnustu fangelsisrefsingar ákærða og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála dæmist ákærði til að greiða allan kostnað sakarinnar. Verður honum því gert að greiða þóknun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Sigurjónssonar hrl., er hæfilega þykir ákveðin svo sem í dómsorði greinir að virðisaukaskatti meðtöldum, en samkvæmt framlögðum gögnum er ekki um annan sakarkostnað að ræða í málinu.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari, en uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna starfsanna dómara.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Magnús Hauksson, sæti fangelsi í tvo mánuði en fresta skal fullnustu fangelsisrefsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 11.000.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi sex mánaða fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði þóknun verjanda síns, Sigurðar Sigurjónssonar hrl., 139.440 krónur.

Kristinn Halldórsson